



Hagkvæmt húsnæði - Uppfært lóðarvilyrði - Gufunes - Þorpið

Tillaga:

Óskað er heimildar borgarráðs til þess að uppfæra lóðarvilyrði til Þorpsins til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur við Gufunes. Áður samþykkti borgarráð í maí vilyrði með fyrirvara um að Þorpið leggði fram gögn um að félagið hafi fjármagnað 20% eiginfjárframlag til verkefnisins og fékk félagið átta vikur frá samþykkt borgarráðs á vilyrðinu til þess að útvega viðkomandi gögn. Þorpið hefur skilað fullnægjandi gögnum fyrir lok tímafrestsins og telst því lóðarvilyrðið þeirra fullgilt.

Greinagerð:

Í Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 voru tilgreindarsérstakar tillögur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla var lögð á uppbyggingu á ríkislóðum sem hafa gengið til borgarinnar en einnig þróunarsvæði við Ártúnshöfða og Gufunes.

Borgin auglýsti síðasta sumar eftir tillögum að hagkvæmu húsnæði og var verkefnum gefin stig samkvæmt matsblaði. Í nóvember 2018 var niðurstaða stigagjafarinnar kynnt fyrir borgarráði og óskað eftir heimild til þess að hefja viðræður við stigahæstu teymin um lóðavilyrði. Sett voru fram skilyrði um að aðilar gætu sýnt fram á 20% eiginfjárframlag af áætluðum verkefnakostnaði, væru með samning við höfunda tillagna sem voru lagðar fram í samkeppninni og væru búnir að stofna félag um verkefnið.

Fulltrúar Þorpsins óskuðu eftir því að hefja viðræður um uppbyggingu við Gufunes og fengu þeir vilyrði sem var skilyrt við að félagið myndi skila gögnum sem myndu sína fram á getu þeirra til þess að fjármagna 20% af eiginfé verkefnisins. Félagið skilaði þeim gögnum innan átta vikna tímafrest og telst vilyrðið þeirra því fullgilt.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig